



Stjórn SSH 373. fundur

Mánudaginn 9. janúar 2012 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Jón Gnarr Kristinsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Guðný Ívarsdóttir og Pálmi Másson.

Guðrún Pálsdóttir boðaði forföll

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Atvinnustefna Reykjavíkurborgar – tenging við vinnu framtíðarhóps SSH

Fyrir lá erindi Reykjavíkurborgar þar sem óskað er eftir umsögn SSH um drög að nýrri atvinnustefnu Reykjavíkurborgar.

Umræður

Niðurstaða:

Málinu vísað til Framtíðarhóps SSH til umfjöllunar.

2. Málefni byggðasamlaganna – vinna við mótun eigendastefnu

- Fyrir lá verk- og tímaáætlun Framtíðarhóps SSH vegna mótunar eigendastefnu fyrir byggðasamlögin í samráði við nýtt fulltrúaráð SSH og stjórnendur byggðasamlaganna.
- Fyrir lá listi með tilnefningum aðildarsveitarfélaganna í nýtt fulltrúaráð SSH

3. Framtíðarhópur SSH

- Fyrir lá yfirlit yfir stöðu umsagna sveitarfélaganna vegna vinnu verkefnahópa SSH
- Fyrir lá minnisblað frmkvæmdastjóra vegna stöðu umfjöllunar og umsagna aðildarsveitarfélaganna á sviðsmyndum rýnihóps vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.
- Farið var yfir stöðu á tilnefningu aðildarsveitarfélaganna í vinnuhóp vegna undirbúnings að sameiginlegu útboði á akstri fyrir fatlað fólk í samræmi við tillögur verkefnahóps 21.



4. Verkefnahópur 7 – jarðvegstíppar.

Fyrir lá erindi frá forrmani Verkefnahóps 7 þar sem kynnt eru drög að samningi um rekstur sameiginlegs jarðvegstípps fyrir sveitarfélagögin í Bolöldu.

Umræður.

HSv. upplýsti að viðhorf Mosfellsbæjar væri að vinna ætti eftir tillögu verkefnahópsins frá júní 2011 um tvo jarðvegstíppa á Hb.svæðinu – Bolalda væri of fjarri til að geta þjónað Mosfellsbæ.

Sömuleiðis var bent á að viðhorf Reykjavíkurborgar til málsins þurfi að liggja fyrir.

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur að verkefnahópurinn þurfi að skoða málið betur, m.a. í ljósi viðhorfs Mosfellsbæjar og annarra ábendinga sem fram komu í umræður. Eðlilegt að þessi skoðun verði í samráði við stjórnendur Sorpu vegna hugmynda um mögulegan jarðvegstípp í Álfsnesi fyrir norðursvæðið.

5. Vegagerð ríkisins og tilfærsla þjóðvega til sveitarfélaganna

Fyrir lá fundargerð vegna fundar Vegagerðarinnar og fulltrúa aðildarveitarfélaga SSH vegna málsins frá 19. desember sl. Enn fremur lá fyrir afrit af bréfi Reykjavíkurborgar dags. 27. desember 2011 til Vegagerðarinnar vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða.

Samþykkt að óskað verði eftir fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar, Innanríkisráðuneytis og Fjármálaráðuneytis til fyrirferðar yfir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaganna vegna málsins.

6. Önnur mál

- a) Erindi frá Reykjavíkurborg til kynningar á viðhorfskönnun til sameiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á vef borgarinnar.
- b) ÁH vakti máls á mögulegri samræmingu á reglum sveitarfélaganna um kattahald. Samþykkt að málið verði skoðað frekar m.t.t. samræmingar. Framkvæmdastjóra falið að kalla til fundar þá aðila sem sjá um þennan málaflokk hjá sveitarfélögunum.
- c) JGK vakti máls á þeim hættum sem mögulega eru samfara auknu óheftu flæði fólks inn í landið í kjölfar útvíkkunar Schengen svæðisins. Samþykkt að kalla til samráðsfundar með lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst vegna málsins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40